



## Hvítbók – drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga í samráðsgátt í mars 2023

### Umsögn sveitarstjórnar Grýtubakkahepps, apríl 2023.

Sveitarstjórn Grýtubakkahepps sendi inn [ítarlega umsögn](#) um "Grænbók um sveitarstjórnarmál" í desember 2022. Sveitarstjórn stendur að fullu við og ítrekar þá umsögn, hún á að miklu leyti við efnisatriði hvítbókar einnig.

Sveitarstjórn hefur eftirfarandi við umsögnina að bæta á þessu stigi "Hvítbókar":

Sveitarstjórn tekur undir þau tvö meginmarkmið sem fram eru sett;

- **Sveitarfélög á Íslandi verði öflug, sjálfbær og ýti undir lýðræðislega virkni íbúa**
- **Sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu**

Um þessi góðu markmið geta allir verið sammála, því er mikilvægt að þær aðgerðir og tillögur sem fylgja, styðji við markmiðin og myndi heildstæða stefnu.

Undir fyrra markmiðinu segir efst í kaflanum um mælikvarða þar sem fjallað er um það markmið að ekkert sveitarfélag hafi undir 1000 íbúa; "*Sveitarstjórnarlög kveða á um aðgerðir til að þessu markmiði verði náð vorið 2027.*"

Sveitarstjórn gerir athugasemdir við þessa túlkun á sveitarstjórnarlögum, hún er í besta falli villandi. Skýrt er í lögum að endanlegt vald til sameininga sveitarfélaga er hjá íbúum. Enda er það í góðu samræmi við lýðræðisáherslu í stefnunni sem kynnt er nú í Hvítbók. Ekkert í lögnum gefur til kynna að markmiði um 1000 íbúa lágmark skuli náð vorið 2027, eða í annan tíma. Eftir sveitarstórnarkosningarnar 2026 (og síðar) ber hverri sveitarstjórn í sveitarfélagi með undir með undir 1000 íbúa að; Annað hvort hefja sameiningarviðræður við annað/önnur sveitarfélög eða svara spurningalista ráðherra um hvernig það geti veitt íbúum viðhlýtandi þjónustu eitt og sjálft. Lögin ganga því ekki útfrá því að sveitarfélög *skuli* sameinast fyrir einn eða annan tíma, einungis að stefnan sé sett á 1000 íbúa markið.

Undir síðara markmiði stefnunnar er settur mælikvarði um að fækka mikið samningum milli sveitarfélaga, þar sem ákvörðunarvald er framselt. Sveitarstjórn telur það markmið með öllu óraunhæft og ekki heldur skynsamlegt. Samstarf sveitarfélaga er mikið og er ekki að minnka nema síður sé. Nefna má nýjar lagabreytingar um farsæld barna og skipan barnaverndarmála sem hafa kallað á nýja samninga sem fela í sér framsal valds, milli flestallra sveitarfélaga á landinu.

Samstarf færir sveitarfélög nær hvert öðru og getur þannig verið undanfari sameininga. Því ætti ekki að leggja áherslu á að fækka samningum, það gæti bæði valdið afturför og meiri kostnaði við þjónustu og einnig tafið fyrir þróun sveitarfélagastigsins. Spyrja má þannig hvort það sé stefna stjórnvalda að brjóta upp samrekstur sveitarfélaga t.d. um slökkvilið, hafnir, veitur, almenningssamgöngur eða úrgangsmál? En um þessa málaflokka alla er viðamikil samstarf t.d. á milli stærstu sveitarfélaga landsins. Enda hefur samstarf milli sveitarfélaga ekkert með stærð þeirra að



gera, heldur mótast af aðstæðum og því markmiði að veita íbúum góða þjónustu með sem hagkvæmustum hætti. Með sameiningum og fækkun sveitarfélaga mun samningum fækka sjálfkrafa, en það ætti ekki að vera sjálfstætt markmið.

Undir síðara markmiðinu er einnig fjallað um þjónustumælingar sem sagðar eru "í mótun". Sveitarstjórn ítrekar fyrri orð, um að mikilvægt er að góð vitneskja um þjónustu sveitarfélaga og ánægju íbúa sé til staðar, áður en lagt er í aðgerðir sem ætlað er að mæta meintum skorti á þjónustu. Hvorki er í dag til yfirlit yfir þjónustu sem sveitarfélög í landinu eru að veita né um ánægju íbúa með þjónustu síns sveitarfélags. Úr því þarf að bæta og ekki bara að afla upplýsinga um þjónustu minni sveitarfélaga, heldur allra sveitarfélaga.

Sveitarstjórn bendir á, að eftir alla þá vegferð og umræðu um íbúalágmark sem lagt var upp í 2017 og hefur verið í gangi nánast óslitið síðan, hefur enn ekki verið sýnt fram á skynsemi þess að þvinga fram sameiningar sveitarfélaga. Að hafa það sem grunnmarkmið að sveitarfélög skuli hafa 1000 íbúa að lágmarki vinnur auk þess þvert gegn þeim meginmarkmiðum sem stefnt er að. Sveitarstjórn vill í því sambandi nefna nokkur atriði:

- Sjálfbærustu og fjárhagslega sterkustu sveitarfélög landsins, þau einu sem engan stuðning fá frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, eru öll með undir 1000 íbúa.
- Þjónusta er á mörgum sviðum síst lakari, jafnvel betri hjá mörgum minni sveitarfélögum en hinum stærstu. Nefna má leikskólaþjónustu, snjómokstur og úrgangsmál sem dæmi um mál sem hafa ratað í fréttir á liðnum misserum vegna þjónustubrests. Þar hefur ekki verið um minni sveitarfélög að ræða, þvert á móti.
- Sameiningar sveitarfélaga yfir stór landsvæði hafa sýnt sig í að veikja fremur jaðarbyggðir, því þarf önnur úrræði en sameiningar til að ná markmiðinu um sem jafnast aðgengi íbúa að þjónustu.
- Lýðræðisleg virkni íbúa er mest í minnstu sveitarfélögum, svo sem fram kemur í "Eyrúnarskýrslunni" frá 2017.
- Að þvinga fram sameiningar með öllum ráðum fer þvert gegn markmiðinu um sjálfstjórn sveitarfélaga og íbúalýðræði.
- Fjárhagslegur ábati af sameiningum næst ekki, nema með niðurskurði í þjónustu. Bætt þjónusta eða hagræðing hefur helst náðst fram í miðlægum kjörnum skv. rannsóknum sem vísað er í. Með sameiningum má styrkja miðlæga kjarna til skemmri tíma, veiking jaðarbyggða veikir miðlæga kjarna hins vegar aftur þegar fram í sækir.
- Að hafa áfram lágmarksíbúafjölda sem meginmarkmið stefnu í sveitarstjórnarmálum, færir áherslu frá málum sem skipta allt sveitarstjórnarstigið mikið meira máli, s.s. tekjustofnum sveitarfélaga og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
- Enda búa einungis örfá prósent þjóðarinnar í sveitarfélögum með undir 1000 íbúa og sameiningar þeirra hafa vart merkjanleg áhrif á stöðu sveitarfélagastigsins í heild.



- Íbúar sem hafna sameiningu við nágrannasveitarfélag/félög, gera það að öllum líkindum vegna sannfæringar sinnar um að sameining muni leiða til lakari þjónustu og/eða lakari búsetuskilyrða. Þvinguð sameining við slíkar aðstæður vinnur augljóslega þvert gegn því grunnmarkmiði sem stefnan setur, um "*...sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.*"

**Sveitarstjórn Grýtbakkahrepps telur að sameiningar sveitarfélaga muni halda áfram, að sveitarfélögum muni áfram fækka og þau stækka. Það verður hins vegar að fá að gerast á grundvelli vilja íbúa en ekki vegna beinna eða óbeinna þvingana.**

Sveitarstjórn skorar á stjórnvöld að fella ákvæði um 1000 íbúa lágmark út úr bæði "stefnu í sveitarstjórnarmálum" sem og sveitarstjórnarlögum. Með því má ná almennri sátt um aðgerðir til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Jafnframt má þá færa áherslur yfir á atriði sem raunverulega hafa vigt til að bæta stöðu sveitarstjórnarstigsins í heild, í stað þess að efna til áframhaldandi ófriðar um aukaatriði.

Þannig mun mestur árangur nást við þá mikilvægu vinnu sem svo er lýst í inngangi Hvítbókar:

*"Markmið ríkisins með stefnu og aðgerðaáætlun í málefnum sveitarfélaga er að gera sveitarfélögin í landinu betur í stakk búin til að sinna lögbundnum skyldum sínum og takast á við aukna ábyrgð og áskoranir til framtíðar."*

Sveitarstjórn Grýtbakkahrepps tekur undir þessi markmið og er á öllum stigum reiðubúin að leggja sitt af mörkum við undirbúningsvinnu og ekki síður að stuðla að því að markmiðin megi ná fram að ganga.

Grenivík 14. apríl 2023,

f.h. sveitarstjórnar Grýtbakkahrepps,

*Þröstur Friðfinnsson, sveitarstj.*